



Reykjavík 11. des. 2020

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs. Þskj. 454 - 362. mál.

Landssamband hestamannafélaga (LH) fagnar því að ríkisstjórnin komi til móts við íþróttahreyfinguna vegna tjóns sem íþróttafélög hafa orðið fyrir vegna heimsfaraldursins.

LH gerir athugasemdir við að aðeins geti komið til greiðslna vegna launagreiðslna til launamanna en ekki vegna greiðslna íþróttafélaga til verktaka vegna vinnu í þágu félagsins.

Hjá félögum innan LH eru starfsmenn, svo sem þjálfarar, oftast ekki í hlutastarfi og hefur það talist vera til hagræðingar fyrir þá starfsmenn að vera á verktakasamningum frekar en launþegasamningum. Verktakasamningar féllu ekki undir hlutabótaleið stjórnvalda á meðan íþróttahreyfingunni stóð sú leið til boða.

Í yfirlýsingu ráðherra dags. 31. okt. sl. segir:

„Í aðgerðum stjórnvalda verður stefnt á að útvíkka úrræði Vinnumálastofnunar þannig að tryggt verði að í þeim tilvikum sem íþróttafélagi eða samstarfsaðilum ÍSí er gert að láta af starfsemi sinni vegna sóttvarna geti félagið sótt um styrki vegna launagreiðslna til starfsmanna sem ekki geta sinnt starfi sínu á því því tímabili sem sóttvarnaaðgerðir standa yfir enda hafi önnur úrræði stjórnvalda ekki gagnast í þessum tilgangi. **Einnig verði þessum aðilum gert kleift að sækja um styrki vegna verktakakostnaðar af sömu ástæðum.**“

Það er því mikil vonbrigði að ekki sé neitt að finna um verktaka í frumvarpinu og gengur það þvert á yfirlýsingu ráðherra 31. okt. sl. og kynningu sem ráðherra hélt fyrir íþróttahreyfinguna sama dag.

F.h. Landssambands hestamannafélaga

Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri